



Umhverfissráðherra  
Svandís Svavarsdóttir  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2011

**Efni: Úrsögn fulltrúa Bændasamtaka Íslands í starfshópi um stöðu og aðgerðir til endurreisnar svartfuglastofnum.**

Með bréfi, dags. 12. september 2011, skipaði umhverfissráðherra starfshóp til þess að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að endurreisn svartfuglastofna hér við land og styrkt verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra. Í starfshópinn var skipuð undirrituð, sem tilnefnd hafði verið af Bændasamtökum Íslands.

Starfshópurinn kom fyrst saman þann 21. september 2011 og hélt vikulega fundi 8 sinnum auk tölvupóstssamskipta. Á fyrstu fundum var farið yfir skýrslur og aðrar upplýsingar, haldin kynning á lundarannsókn í Vestmannaeyjum o.fl. Þegar kom að því að setja skýrsluna saman varð ljóst að stefnuskil urðu milli nefndarmanna. Ljóst er að að hagsmunir landeigenda og rétthafa hlunninda sem máli skipta í þessu samhengi, eru miklir og fara ekki saman við hagsmuni annarra sem í starfshópnum sitja.

Nú stendur fyrir dyrum að skila skýrslunni og á þeim tímamótum sér stjórn Bændasamtaka Íslands sér ekki annað fært en að láta undirritaða segja sig frá starfi hópsins. Undirrituð fellst þannig ekki á veigamiklar niðurstöður sem birtast í skýrslunni sem myndu skerða réttindi landeigenda til framtíðar. Undirrituð getur með engu móti stutt tillögur sem fela í sér varanlegar lagabreytingar vegna hlunnindanýtingar, en til að hægt sé að friða lunda, teistu og egg svartfugla þarf lagabreytingar hvað varðar 20. gr. laga nr. 64/1994, um hlunnindarétt og sölu afurða. Það er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu, fæðubrestur er talin aðalorsök. Fugl flytur sig til eftir æti og því er víðtækum samanburðarrannsóknum og vöktun á landsvísu og við nágrannalönd t.d. á teistu og lunda mjög ábótavant. Þannig eru fyrstu rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum sl. 3 ár en samanburðartölur á heildarstofnum teistu og lunda eru ekki til sem og ábúahlutfall lunda í holum þar sem fjölgun er eðlileg eða mikil (Norðurland samanborið við Suðurland um þessar mundir). Tölur um ábúahlutfall sem liggja nú fyrir í fyrstu svæðisbundnu rannsóknum á Suðurlandi er þar sem fæðuskortur er talinn mikill og því ekki eðlilegt árferði í varpi. Bændasamtökin hvetja til þess að frekari rannsóknir verði gerðar svo komast megi að niðurstöðu um hverjar eru raunverulegar orsakir þessa brests hjá stofnunum svæðisbundið, en álitnið er að fæðuskortur sé aðalorsök.


Undirrituð hefur ítrekað bent á þá leið að gera samning við rétthafa hlunninda, samanber sáttmála um veiðistjórnun sem gerður var í Vestmannaeyjum árið 2009 og fylgt hefur verið síðan meðan stofnarnir verða rannsakaðir betur, þetta á einkum við um lunda og teistu vegna hlunnindanýtingar. Landeigendur í Vestmannaeyjum takmörkuðu einnig hlunnindaveiði árið 2008. Landeigendur eru vörslumenn landsins og best til þess fallnir að fara með veiðistjórnun líkt og skýr dæmi frá Vestmannaeyjum sanna, því það er augljóslega þeirra hagur að ekki verði gengið of nálægt stofnunum. *Bændasamtök Íslands geta stutt takmarkað veiðibann á lunda og teistu sem slíkt sé það talið nauðsynlegt, en ekki í formi lagabreytinga heldur fremur í því formi sem Bændasamtökin hafa lagt til, þ.e. með samningi við landeigendur og rétthafa hlunninda um algert bann tímabundið eða styttingu veiðitímabils.*

Undirrituð vill benda á í þessu samhengi að veiðistjórnun er jákvæð að því er varðar umrædda stofna en engir eru betur til þess fallnir sem og til eftirlits en landeigendur. Þá er mjög nauðsynlegt að vekja athygli veiðimanna á ástandi stofna með aukinni fræðslu. Þá er óhjákvæmilegt, ef ná á árangri í veiðistjórnun, að bæta verulega eftirlit og fræðslu um hvað hlunnindaveiði og almenn veiði felur í sér og hverjar takmarkanir á því eru, s.s. um hvar útgefið kort gildir. Rannsóknun er mjög ábótavant og upplýsingum um ástand stofnana og orsakir brests í varpi og úr því þarf að bæta. Verulega þarf að bæta upplýsingar á veiðikorti, t.d. tegund veiðikorts, veiðiaðferð, tímabil sem veiði fór fram auk þess sem skráning á eggjatöku og ungum er nauðsynleg. Ennfremur hvort það sé veiðifélag eða einstaklingur sem stendur á bakvið upplýsingar á innsendri veiðiskýrslu. Að mati undirritaðrar er ótækt að miða niðurstöður starfshópsins við ályktanir nokkurra manna. Forgangsröðunin er röng og það fyrirkomulag sem lagt er til getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjálfbærni stofnana og sjálfbæra þróun byggða í framtíðinni. Mikilvægt er að efla eftirlit með meðafla líkt og tillaga er um í skýrslu vinnuhóps og leita allra mögulegra leiða til að draga út fugladauða í netum.

Eins og áður sagði sér undirrituð sér ekki fært að skrifa undir skýrslu starfshópsins þar sem niðurstöður hennar eru ótækar. Undirrituð er reiðubúin að veita ráðherra frekari upplýsingar og skýringar á ástæðum þess. Góðfúslega hafið samband ef þess er óskað. Þá eru Bændasamtök Íslands reiðubúin að koma að vinnu við gerð sáttmála við landeigendur sem leiðir til takmörkunar eða samþykkis veiðihlés án lagabreytinga.

Undirrituð telur hættu á að verði lögð fram breyting á lögum varðandi hlunnindanýtingu, t.d. með alfriðun, verði sú ráðstöfun í eðli sínu óafturkræf í framtíðinni, sérstaklega þar sem ekki eru lagðar fram upplýsingar um hvenær afnám veiðibanns getur orðið. Mun farsælla sé að leita sáttaleiðar þar sem veiðimenn og landeigendur eru með í ákvörðunartöku. Ætla má að fyrst það tókst í Vestmannaeyjum ætti það að takast á öðrum stöðum.

F.h. Bændasamtaka Íslands



Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir  
atvinnu-, hlunninda- og nýsköpunarráðgjafi

*Afrit sent til formanns starfshóps; Sigurðar Þráinssonar Umhverfissráðuneytinu.*